



STARFSÁÆTLUN ÁLFABORGAR

2021-2022



Í samræmi við 14. gr. laga um leikskóla frá árinu 2008 skal árlega gefa út starfsáætlun leikskóla. Þar er gerð grein fyrir starfsemi skólans, skóladagatali, tengslum við grunnskóla, foreldrasamstarfi, innra mati, umbótaáætlun, stoðþjónustu og fyrirkomulagi öryggismála, auk ýmissa hagnýtra upplýsinga um skólahaldið. Starfsáætlun leikskóla skal staðfest af skólanefnd að fenginni umsögn foreldra-/skólaráðs. Starfsáætlunin skal kynnt foreldrum.

Svalbarðsstrandarhreppi, október 2021
Margrét Jensína Þorvaldsdóttir skólastjóri Álfaborgar

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Formáli | 4 |
| Álfaborg – tölulegar upplýsingar | 5 |
| Mannauður | 5 |
| Reglur um samskipti og trúnað vegna barna starfsmanna í Álfaborg og Valsárskóla | 6 |
| Starfsmannafundir | 7 |
| Heimasíða, lykilnetföng og símanúmer | 7 |
| Starfsáætlun, skipulag skólaársins 2021-2022 | 7 |
| Skóladagatal | 7 |
| Helstu alþjóðlegu/íslensku viðburðir skólaársins | 7 |
| Sumarleyfi barna og starfsmanna | 8 |
| Skólastefna Svalbarðsstrandarhrepps | 8 |
| Einkunnarorð - gildi | 8 |
| Þróunarstarf og símenntun | 9 |
| Fundir og ráðstefnur | 9 |
| Símenntunaráætlun | 9 |
| Samstarf og símenntun á skólaárinu 2020-2022 | 10 |
| Mötuneyti | 10 |
| Öryggismál | 10 |
| Öryggisnefnd | 10 |
| Rýmingaráætlun | 10 |
| Fáliðunarstefna leikskólans | 11 |
| Foreldrafélag | 11 |
| Stjórn foreldrafélags Álfaborgar 2021-2022 | 11 |
| Áheyrnarfulltrúar í skólanefnd | 11 |
| Fulltrúar í skólaráði | 11 |
| Foreldrasamstarf | 12 |
| Foreldrasamtöl | 12 |
| Viðtalstímar kennara | 12 |
| Samstarf | 12 |
| Skipulag samstarfs leik- og grunnskóla | 12 |
| Sérfræðiþjónusta | 13 |
| Skólanefnd | 13 |
| Skólaráð | 13 |
| | 2 |

| | |
|---|----|
| Fulltrúar í skólaráði 2021-2022 | 14 |
| Mat á skólastarfi | 14 |
| Ytra mat | 14 |
| Áætlun um innra mat | 14 |
| Umbótaáætlun Álfaborgar skólaárið 2021-2022 | 15 |

Formáli

Í starfsáætlun leikskóla skal koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Skóladagatal fyrir skólaárið.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Þar geta einnig komið fram helstu áherslur í foreldrasamstarfi, innra mati, tengslum leikskóla og grunnskóla, stoðþjónustu og fyrirkomulagi öryggis- og slysavarnamála eftir því sem við á. Áætlunin er unnin í nánú samstarfi við leikskólakennara, annað starfsfólk, börn og foreldra. Unnt er að vinna starfsáætlun þannig að starfsemi síðasta skólaárs sé metin við gerð hennar. Þannig gefst tækifæri til að ræða árlega þá þætti sem þessir aðilar telja mikilvæga og eru ánægðir með og jafnframt þá þætti sem þeir telja að megi bæta. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs/skólaráðs áður en skólanefnd, kjörin af sveitarstjórn, tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Álfaborg – tölulegar upplýsingar

Í Álfaborg eru nú 35 nemendur í tveimur deildum í þremur heimastofum. Á Hreiðri, ungbarnadeildinni, eru 8 börn á aldrinum 9-18 mánaða. Á Lundi, eldri deildinni, eru 26 börn á aldrinum 2-5 ára. Börnunum á Lund er skipt niður í tvær heimastofur sem bera nöfnin Kvistur og Rjóður. Á Kvisti eru 12 börn á aldrinum 2-3 ára og í Rjóðri eru 3-5 ára börnin, 15 talsins. Hjördís Valtýsdóttir er starfandi deildarstjóri á Hreiðrinu í fæðingarorlofi Ásdísar Hönnu en sú síðarnefnda leggur stund á M.Ed. nám í leikskólafræðum við Háskólann á Akureyri. Hanna Sigurjónsdóttir, leikskólakennari og staðgengill skólastjóra, er deildarstjóri í Lundi ásamt því að vera stofustjóri í Rjóðri og Íris Axelsdóttir, B.-Ed. í leikskólafræðum er stofustjóri á Kvisti. Auður Hafþórsdóttir, sem er í leikskólaliðanámi hjá Símei, annast starfið með elsta barnahópnum (Krummar) í Álfaborg og tekur þátt í kennslu þeirra í Valsárskóla sérhvern mánudag kl. 8-13 ásamt Guðfinnu Steingrímsdóttur umsjónarkennara 1.-2. bekkjar.

Við Álfaborg starfa 12 starfsmenn í 9,1 stöðugildi. Þar af er 120% stöðugildi til afleysinga vegna undirbúningstíma starfsmanna, en samkvæmt kjarasamningum eru þeir alls 48.5 klst. á viku til undirbúnings starfsins. Einnig er innifalið í þessum 9 stöðugildum 100% stöðugildi vegna afleysinga og 20% stöðugildi vegna skólasetu tveggja starfsmanna, en þær eru á 3. og 5. ári við Háskólann á Akureyri í leikskólakennaranámi. Sérkennslustjóri, Þórdís Eva Þórólfsdóttir, sinnir sérkennslu í 20% stöðugildi og annast allt skipulag, m.a vegna stuðnings Kamilu við tvítyngdu börnin, og utanumhald þar að lútandi. Starfsmenn við umönnun og kennslu eru að frádregnu ofantöldu samtals 6,5 stöðugildi að jafnaði. Við þetta bætist svo 100% staða skólastjóra; Margrétar Jensínu, og hún Ewa okkar Sienda sem sér um ræstingu með miklum ágætum. Við deilum svo námsráðgjafa, matráði og húsverði með Valsárskóla.

Mannauður

| Staða | Starfs- hlutfall | Menntun |
|---|---------------------|---|
| Skólastjóri | 100% | M.S. í forystu og stjórnun menntastofnana |
| Deildarstjóri, staðgengill skólastjóra | 100% | Leikskólafræði, leyfisbréf leikskólakennara |
| Sérkennslustjóri, sérkennsla | 20% | Leikskólafræði M.Ed., leyfisbréf allra skólastig |
| Deildarstjóri | 100% | Leikskólafræði B.Ed., án leyfisbréfs (hefur störf 15. 3. 22) |
| Leikskólakennari | 80% | Leikskólafræði M.Ed., leyfisbréf allra skólastig |
| Leikskólakennari | 55% | Leikskólafræði B.Ed. án leyfisbréfs |
| Leikskólaleiðbeinandi með háskólapróf | 80% | Tónlistarmenntun, önnur háskólamenntun |
| Leikskólaleiðbeinandi með háskólapróf | 100% | Háskólamenntun x2 M.A. frá háskóla í Póllandi |
| Leiðbeinandi x2 | 200% | Grunnskólapróf |
| Leiðbeinandi | 80% | Iðnmenntun, leggur stund á leikskólaliðanám |
| Leiðbeinandi, föst afl. v. undirbúnings | 58% | Grunnskólapróf |
| Leiðbeinandi, föst afl. v. undirbúnings | 40% | Stúdentspróf, er á 3ja ári í námi í leikskólafræði |
| Leiðbeinandi, föst afl. v. leyfa/forfalla | 100% | Stúdentspróf |
| Matráður | 50% | Matreiðslumeistari (og í 50% starfi við Valsárskóla) |
| Aðstoð í eldhúsi | 40% | Marartækni (og í 40% starfi við Valsárskóla) |
| Umsjónarmaður fasteigna | 20% | Iðnmenntun (og í 20% starfi við Valsárskóla og 60% hjá sv.f.) |
| Náms- og starfsráðgjafi | 10% | Námsráðgjöf, jákvæð sálfræði (í 10% starfi við Valsárskóla) |
| | | (Skólastjórn, sérkennsla, náms- og starfsráðgjöf, eldhús, húsvarsla, afl. v. undirb. og veikinda telst utan barngjilda) |

Starfsmenn í Álfborg:

Aðalheiður Stefánsdóttir leiðbeinandi, afleysing v. undirbúnings

Anna Nidia G Tulinius leiðbeinandi, afleysing v. veikinda

Auður Hafþórsdóttir leiðbeinandi á Lundi

Ásdís Hanna Bergvinsdóttir deildarstjóri á Hreiðri, kemur úr fæðingarorlofi 15. 3. 2022

Hanna Dóra Ingadóttir leiðbeinandi á Hreiðri

Hanna Sigurjónsdóttir leikskólakennari, staðgengill skólastjóra og deildarstjóri á Lundi

Hjördís Valtýsdóttir leiðbeinandi á Hreiðri og starfandi deildarstjóri á Hreiðri (f. Ásdísi)

Íris Axelsdóttir leikskólakennari

Kamila Silwia Ciolko-Borkowski háskólam. leiðbeinandi, annast stuðning við tvítyngd börn

Margrét Jensína Þorvaldsdóttir leikskólakennari, skólastjóri

Sigríður Guðmundsdóttir háskólamenntaður leiðbeinandi í afleysingum v. undirbúnings

Svetlana Beliaeva háskólamenntaður leiðbeinandi, sér m.a. um tónlist í Álfborg

Þórdís Eva Þórólfsdóttir leikskólakennari og sérkennslustjóri

Starfsmenn í stoðþjónustu:

Heiða Jónasdóttir matartæknir

María Sigurlaug Jónsdóttir matreiðslumeistari

Tóma Ingi Jónsson umsjónarmaður fasteigna

Þuríður Lilja Rósenbergsdóttir náms- og starfsráðgjafi

Reglur um samskipti og trúnað vegna barna starfsmanna í Álfborg og Valsárskóla

Markmiðið með reglunum:

Skapa öryggi í samskiptum með velferð barna að leiðarljósi.

Gera boðleiðir skýrar svo allir geti átt árangursrík samskipti.

-Mikilvægt er að öllum sé ljóst hvenær starfsmaður hefur stöðu fagmanns og hvenær stöðu foreldris.

-Leggja skal áherslu á að börn séu ekki í umsjónarþekki eða á sömu deild/heimastofu og foreldri. Það er á ábyrgð okkar allra sem fagmanna að setja hvort öðru mörk og veita aðstoð í samskiptum og fylgja þeim eftir. Til að mynda á aldrei að ræða börn starfsmanna né önnur börn á kaffistofu eða skólalóð.

-Ef barn leitar til foreldris sem starfar í skólanum, sinnir það barni sínu stutta stund en varast að það yfirtaki hlutverk þess sem starfsmanns né hafi áhrif á fagmennsku.

-Starfsmaður í leik- eða grunnskólanum forðast að grípa inn í hegðun og agamál tengd barni sínu nema til að afstýra óhöppum og óæskilegri hegðun.

-Þegar starfsmaður þarf að hafa afskipti af hegðun, líðan, agamálum, námsvanda, starfsháttum og öðru í skólastarfinu sem tengist barni hans skal viðkomandi hafa samband við deildarstjóra/umsjónarkennara eða kennara sem við á. Ef þörf er á skal leita til skólastjórnanda sem kemur málinu í farveg í samráði með máláðilum.

-Verði misbrestur á ofangreindum vinnureglum skal hafa samband við skólastjóra sem vinnur að árangursríkri niðurstöðu með hagsmuni og tilfinningalegt öryggi barns í forgrunni.

Starfsmannafundir

Starfsmannafundir eru að jafnaði 4x á misseri eftir skólatíma, þ.e. kl. 16:00-18:00. Stjórnendateymi leikskólans fundar 1x í viku á skólatíma, og oftast eftir þörfum. Sæti í stjórnendateymi eiga deildarstjórar og heimastofustjórar, auk skólastjóra og sérkennslustjóra eftir þörfum. Deildarfundir, 30-45 mínútur, eru vikulega á skólatíma, þar eiga allir starfsmenn deildar sæti. Til að koma þessum fundum við annast skólastjóri og starfsmenn hinnar deildarinnar öll börnin í útiveru á meðan. Daglega eða eftir þörfum hverju sinni; *ör-stöðufundir stjórnenda* (5mín. ef hægt er); skólastjóri skipuleggur mönnun deilda og starfið í samráði, deildar- og stofustjórar hafa umsjón með daglegu starfi í skólanum og annst verkstjórn.

Heimasíða, lykilnetföng og símanúmer

Skólinn er opinn frá klukkan 07:45 – 16:15 alla virka daga.

Sími: 4645505 og 4645506 (Hreiður, ungbarnadeild).

Sími hjá skólastjóra: 696 1528

Netfang skólans og skólastjóra:

alfaborg@svabardsstond.is

maggajensa@svabardsstrond.is

Netföng deildarstjóra á Lundi hanna@svabardsstrond.is

og Hreiðri: hjördis@svabardsstrond.is

Netfang sérkennslustjóra: disa@svabardsstrond.is

Heimasíða: <https://skolar.svabardsstrond.is/>

Starfsáætlun, skipulag skólaársins 2021-2022

Skóladagatal

Öll heimili geta nálgast skóladagatal á vefsíðu skólans í júní ár hvert á slóðinni: [Skóladagatal 2021-2022](#). Einnig er hægt að hlaða dagatalinu niður svo hægt sé að koma því fyrir á ísskápshurðinni heima. Skipulagsdagar skólaársins eru fimm talsins og eru eftirfarandi: Á haustmisseri 2021 eru skipulagsdagar 17. ágúst og 20. október. Á vorönn 2022: 4. janúar, 1. mars og 27. maí.

Skipulögð foreldrasamtöl eru 1x á misseri en alltaf er hægt að óska eftir viðtali, hvort heldur sem er við skólastjóra, sérkennslustjóra, deildarstjóra og stofustjóra. Einnig er hægt að panta viðtal hjá ráðgjafanum okkar, henni Þuríði Lilju Rósenbergsdóttir, hvort heldur sem um er að ræða ráðgjöf um foreldrahlutverkið eða mál tengd börnunum. Stjórnendur, starfsmenn og börn geta einnig fengið ráðgjör hjá Þuríði.

Helstu alþjóðlegu/íslensku viðburðir skólaársins

- - Dagur læsis 8. september
- - Dagur íslenskrar náttúru 16. september
- - Alþjóðlegi bangsadagurinn 27. október
- - Hrekkjavaka 29. október
- - Baráttudagur gegn einelti 8. nóvember
- - Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember
- - Fullveldisdagurinn 1. desember, tendrað á útiþjólatré
- - Dagur íslenskrar tónlistar 3. desember

- - Jólaföndurdagur foreldrafélagsins á aðventunni
- - Jólaball foreldrafélagsins í vikunni fyrir jól
- - Þrettándinn 6. janúar
- - Bóndadagur 21. janúar
- - Dagur stærðfræðinnar 2. febrúar
- - Hátíð vegna dags leikskólans 4. febrúar (er 6. febrúar)
- - Konudagur 20. febrúar
- - Bolludagur 28. febrúar
- - Sprengidagur 1. mars
- - Öskudagur 2. mars
- - Sumardagurinn fyrsti 21. apríl, haldið uppá hann 22. apríl
- - Sveitaferð í maí
- - Þjóðhátíðardagurinn, haldið uppá hann með skruðgöngu 18. júní

Sumarleyfi barna og starfsmanna

Enn er óákveðið hvernig sumarleyfi verður háttáð í sumar. Allt þar til sumarið 2020 var skólinn lokaður í 4-5 vikur um miðbik sumars en nú hafa verið gerðar tvennskónar „prufur“ á öðru fyrirkomulagi. Sumarið 2020 var skólinn lokaður í tvær vikur, skólinn var svo opinn allt síðastliðið sumar/ár. Ekki er búið að ákveða hvernig sumarlokun/opnun verður háttáð sumarið 2022, möguleikarnir eru allnokkrir; þ.e. allt frá því að loka í fjórar/fimm vikur uppí að hafa alveg opið og ráða þá sumarafleysingastarfsmenn. Einnig þarf að taka ákvörðun um hvort fjórar vikur yfir hásumartímamenn verða undir merkjum gæslu og mönnun þá miðað við það. Verið er að leggja mat á hvernig þetta hefur gengið og mun ákvörðun skólanefndar/sveitarstjórnar liggja fyrir í síðasta lagi í janúar 2022.

Skólastefna Svalbarðsstrandarhrepps

Skólastefna Svalbarðsstrandarhrepps nær til leikskólans Álfaborgar og grunnskólans Valsárskóla. Hver skóli markar eigin skólastefnu í samræmi við lög, reglugerðir, námskrá og stefnu sveitarfélagsins. Hér má lesa skólastefnu hreppsins: [Skólastefna](#). Vinna við samningu skólanámskrár Álfaborgar er hafin og stefnt að því að ljúka þeirri vinnu á haustmisseri 2022. Allir starfsmenn koma að þessari vinnu svo við gefum okkur rúman tíma. Skólanámskráin mun byggja á stefnu hreppsins, Aðalnámskrá og grunnþætti menntunar, lögum um leikskóla og reglugerðum þar að lútandi.

Einkunnarorð - gildi

Einkunnarorð Álfaborgar/Valsárskóla eiga að endurspeglast í öllu skólastarfi og í öllum samskiptum.

Umhyggja

Við leggjum áherslu á að allir sem starfa við Álfaborg og Valsárskóla sýni umhyggju í verki, vinsemd, skilning og vilja til að hjálpa. Við sköpum örugg tengsl með því að sýna umburðarlyndi og kærleika í anda uppbyggingarstefunnar. Við sýnum hvert öðru áhuga, hrósum, samgleðjumst öðrum og sýnum samhug.

Virðing

Í Álfaborg og Valsárskóla mætum við ávallt hvort öðru með virðingu, þó að við séum ólík, af ólíkum uppruna, með mismunandi skoðanir og í ólíkum hlutverkum. Við erum öll mikilvæg og nám okkar og störf skipta máli. Við sýnum umhverfinu okkar, efniviði, verkum og eigum okkar og annarra virðingu. Við temjum okkur að tala ávalt vel um annað fólk og okkur sjálf.

Metnaður

Í Álfaborg og Valsárskóla leggjum við áherslu á að allir geri ávallt sitt besta og séu virkir í námi og starfi. Markið er sett hátt og við höfum trú hvert á öðru. Við styðjum við eðlislæga forvitni og uppgötvunarnám, við erum víðsýn í vali á náms- og kennsluáðferðum. Nemendur og starfsfólk styðja hvert annað til að allir nái góðum árangri. Lögð er áhersla á framfarir í samræmi við eigin forsendur. Við þurfum ekki að vera best en við gerum ávallt okkar besta.

Gleði

Í Álfaborg og Valsárskóla ríkir gleðin í daglegu amstri, jafnt í vinnu sem leik. Gleðin endurspeglast í samskiptum sem einkennast af vinskap, umburðarlyndi og friðsemd. Við leggjum okkur fram um að vera jákvæð gagnvart verkefnum og horfa á björtu hliðarnar. Við höfum alltaf val um hvernig við ætlum að takast á við aðstæður og hvaða viðhorf við tileinkum okkur til annarra. Við höfum gleðina að leiðarljósi en gerum okkur jafnframt grein fyrir því að aðstæður eru misjafnar og við ólík - öll getum við átt erfiðan dag.

Uppbyggingarstefna - Uppeldi til ábyrgðar

Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga er stefna sem felur í sér að kenna börnum og unglingum sjálfsstjórn og sjálfsaga. Aðferðin ýtir undir ábyrgðarkennd og að börn átti sig á styrkleikum sínum og þörfum. Einnig er áhersla á að þau læri af mistök sínum og nýti reynsluna á jákvæðan hátt. Stefnan er einnig verkfæri fyrir starfsfólk skóla í samskipta og agamálum.

Nánari upplýsingar um uppbyggingarstefnuna <https://uppbygging.is/>

Próunarstarf og símenntun

Fundir og ráðstefnur

Á haustdögum var sameiginleg fræðsla á vegum UNICEF um barnvænt samfélag og einnig fræðsla frá Barnavernd og verkefnastjóra barnvæns samfélags á Akureyri.

Símenntunaráætlun

Skv. 7. gr. laga um leikskóla á hver skóli að vera með áætlun um hvernig símenntun starfsfólks skuli hagað. Símenntunaráætlun þarf að vera í samræmi við áherslur leikskólans, viðkomandi sveitarfélags og skólanámskrár og hún á að styðja við umbótaáætlun leikskólans. Um rétt leikskólastjóra og starfsfólks leikskóla til símenntunar fer samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar og eftir því sem kann að vera mælt fyrir um í kjarasamningum. Símenntun kennara má skipta í tvo meginþætti, annars vegar símenntun sem skólastjóri ákvarðar og hins vegar þá sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig og starfið. Skólastjóri metur almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum eða á grundvelli innra mats.

Samstarf og símenntun á skólaárinu 2020-2022

- Heill námskeiðsdagur með Valsárskóla um Uppbyggingarstefnuna (efling sjálfsaga til ábyrgðar, uppeldi til ábyrgðar) á skipulagsdegi 17. ágúst.
- Starfsmenn, sem ekki hafa þegar farið, sækja námskeið um vináttuverkefnið Blær (fri for mobberi) og kennarar sem hafa ekki TRAS réttindi sækja samnefnt námskeið.
- Skyndihjálparnámskeið – bóklegur hluti rafrænt á haustmisseri og verklegur hluti á skipulagsdegi 3. janúar, sameiginlegt með Valsárskóla.
- Önnur stjórnenda-, sérkennslu- og kennslufræðinámskeið eftir framboði og eftirspurn.

Mötuneyti

Hollur matur stuðlar að góðri heilsu. Vel nærð börn eiga betur með að einbeita sér og mataræði hefur áhrif bæði á lærdómsetu og hegðun. Börn verja miklum hluta dagsins í skólanum eða á skólasvæðinu og því er mikilvægt að þau eigi þar kost á hollum og góðum mat. Í Álfaborg/Valsárskóla eru gjaldfrjálsar skólamáltíðir á morgnana og í hádeginu.

Öryggismál

Öryggisnefnd

Sameiginleg öryggisnefnd er fyrir Álfaborg/Valsárskóla. Hlutverk nefndarinnar er að fylgja eftir gerðum áætlunum, úttektum opinberra eftirlitsaðila og að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað sé í samræmi við lög og reglugerðir.

Í öryggisnefnd sitja:

Auður Hafþórsdóttir (Álfaborg) öryggistrúnaðarmaður.

Helgi Viðar Tryggvason (Valsárskóli) öryggistrúnaðarmaður

María Aðalsteinsdóttir (Valsárskóli) öryggisvörður

Margrét Jensína Þorvaldsdóttir (Álfaborg) öryggisvörður

Tómas Ingi Jónsson umsjónarmaður fasteigna.

Rýmingaráætlun

Í öryggisráði sitja Margrét Jensína skólastjóri, María Aðalsteinsdóttir skólastjóri, Tómas Ingi Jónsson umsjónarmaður fasteigna Svalbarðsstrandarhrepps, Auður Hafþórsdóttir öryggistrúnaðarmaður Álfaborgar, Helgi Tryggvason öryggistrúnaðarmaður Valsárskóla. Þeim ber m.a. að sjá til þess að rýmingaráætlun sé uppfærð og endurskoðuð og rýmingaræfing verði haldin a.m.k. einu sinni á ári. Rýmingaræfing var haldin 26. maí 2021 í samvinnu við fulltrúa frá Öryggismiðstöðinni sem sér um brunakerfið. Búið er að tímasetja tvær rýmingaræfingar á skólaárinu samkvæmt áætlun. Rýmingaræfing verður 14. október og önnur æfing verður óundirbúin einhvern tíman á Þorranum. Í viðbragðsteymi við rýmingu eru Tómas Ingi rýmingarstjóri og þær Margrét og María fyrsti viðbragðsaðili í hvorum skóla.

Fáliðunarstefna leikskólans

Viðmið vegna lánmarksmönnunar í Álfaborg. Markmið með þessari stefnu er að tryggja öryggi barnanna barnanna vegna manneklu. Ef upp koma þær aðstæður í leikskólanum vegna fáliðunar að stjórnendur telji öryggi barnanna ekki tryggt, er haft samband við foreldra.

Viðmið um fjölda barna á hvern starfsmann eru:

- 9 mán. – 1 árs
- 1 árs – 4 börn
- 2 ára – 5 börn
- 3 ára – 6 börn
- 4 ára – 8 börn
- 5 ára – 10 börn

Hringt verður í foreldra, sem óskað er eftir að sæki börn sín hverju sinni, og leitast við að vinna þetta í sem bestu samráði, þ.e. skólinn tekur tillit til aðstæðna foreldra hverju sinni, en gætir engu að síður fulls jafnræðis. Skólustjóri og/eða staðgenglar sjá um að hafa samband.

Foreldrafélag

Í Álfaborg er starfandi foreldrafélag. Helstu markmið félagsins eru að stuðla að meiri og bættari tengslum heimila og skóla, að koma sjónarmiðum foreldra á framfæri við skólayfirvöld, að stuðla að framkvæmdum í þágu skólans, að örva og styðja félags- og menningarstarf innan skólans og að stuðla að upplýftingu foreldra/forráðamanna og nemenda a.m.k. einu sinni á ári. Foreldrafélagðið hefur m.a. annast sveitiferð um sauðburðinn og fleiri tilfallandi upptakomur, s.s. leiksýningu fyrir börnin. Sú nýbreytni verður í vetur að jólaföndur og jólaball á vegum foreldrafélagsins verður á laugardögum og alfarið í umsjón foreldra.

Stjórn foreldrafélags Álfaborgar 2021-2022

Hafrún Helga Arnardóttir, mamma hans Friðriks Arnars, formaður

Alma Sigríður Þórólfsdóttir, mamma þeirra Krístrúnar Kötlu og Heklu Kristínar, varaformaður

Númi Stefánsson, pabbi hennar Emblu Rutar, gjaldkeri

Sigríður Edda Ásgrímsdóttir, mamma þeirra Öglu Rakelar og Alexíu Eirar, ritari

Bjarni Þór Guðmundsson, pabbi hans Birnis Óskars

Jóhanna Ester Guðmundsdóttir, mamma þeirra Guðmunds Arnars og Patriks Þórs

Anna Nidia G Tulinius, mamma þeirra Daníellu Rósar og Díönu Ísabellu

Áheyrnarfulltrúar í skólanefnd

Hafrún Helga Arnardóttir

Varamaður: hefur ekki verið valinn þegar þetta er ritað

Fulltrúar í skólaráði

Vilhjálmur Rósantsson, pabbi hans Natans Breka, er fulltrúi foreldra í Álfaborg og varamaður hans er Halldóra S. Halldórsdóttir, mamma hans Baltasars Alex.

Foreldrasamstarf

Menntun og uppeldi er samvinnuverkefni skóla og heimila. Þessi svið skarast meira og minna og því þarf samvinna að vera nán. Sameiginleg verksvið skóla og heimila geta m.a. falist í eftirfarandi;

- að rækta farsæla mannkosti svo sem ábyrga hegðun, virðingu í samskiptum og vingjarnleika
- að efla skilning á mikilvægi menntunar
- að vera hvetjandi og efla gleðina í starfi og leik

Með því að vinna sameiginlega að menntun og uppeldi á þennan hátt er stuðlað að vellíðan og þroska nemenda á jákvæðan hátt.

Foreldrasamtöl

Foreldrar og kennarar hittast í skipulögðu samstarfi, t.d. kynningarfundir á skólastarfinu að hausti. Skipulögð foreldrasamtöl eru tvisvar á hverju skólaári, 1x á hvoru misseri. Foreldrar eru alltaf velkomnir í skólann auk þess sem þeir eru hvattir til að hafa samband með símtölum eða tölvupósti.

Viðtalstímar kennara

Viðtalstímar kennara eru eftir samkomulagi. Foreldrar/forráðamenn geta alltaf hringt á skólatíma og óskað eftir samtali, auk tölvupóstsamkipta.

Samstarf

Skipulag samstarfs leik- og grunnskóla

Flest börn sem hefja nám í 1. bekk Valsárskóla hafa verið hjá okkur í Álfaborg. Samstarf milli leik- og grunnskóla er mikilvægt bæði hvað varðar samfelli í námi og einnig til að nemendur verði sem best búnir undir að færast úr leikskóla í grunnskóla. Samvinna skólanna felst einkum í því að nemendur á síðasta ári í leikskólanum og nemendur 1. og 2. bekkjar hittast reglulega og taka þátt í sameiginlegu starfi og leik (leikur að læra). Umsjónarkennari í 1. -2. bekk skipuleggur starfið í samráði við leikskólakennarana í Álfaborg, ár hvert. Nemendum er skipt í blandaða hópa sem fást við afmörkuð verkefni innan skólans, í íþróttasalnum og úti við í nágrenni skólanna. Á skólaárinu er áætlað að elsti árgangur Álfaborgar verði í íþróttum með 1. - 2. bekk í Valsárskóla tvisvar í viku. Einnig er sameiginlegur útiskóli með tveimur elstu árgöngunum okkar og 1.-2. bekk Valsárskóla.

Sérfræðiþjónusta

Í gildi er samningur Svalbarðsstrandarhrepps við Akureyrarbæ um þjónustu við leik- og grunnskólann. Fjölskyldudeild Akureyrar er með aðsetur að Glerárgötu 26 og er opin alla virka daga. Fjölskyldudeild starfar í þremur teyllum sem skiptir með sér verkefnum á eftirfarandi hátt:

- **Barnaverndarteymi** sér um mál er falla undir barnaverndarlög. Þar starfa félagsráðgjafar, uppeldisfræðingur og sálfræðingur.
- **Félagsþjónustuteymi** fjallar um málefni fatlaðra og ýmis önnur félagsleg mál. Þar starfa félagsráðgjafar, þroskaþjálfar og sálfræðingar. Ráðgjöf til fatlaðra og fjölskyldna þeirra er m.a. í formi stuðningsviðtala.
- **Skólatelymi** vinnur samkvæmt lögum leik- og grunnskóla. Þar starfa sálfræðingar ásamt sérkennsluráðgjöfum og kennsluráðgjöfum í leik- og grunnskóla.

Skólar og foreldrar/forráðamenn geta leitað til skólatelymis vegna málefna einstaka barna. Tilvísunarblöð til útfyllingar eru í skólanum. Það er hlutverk fjölskyldudeildar að veita einstaklingum og fjölskyldum faglega aðstoð vegna félagslegra, uppeldislegra og/eða námslegra þarfa þannig að þeir/þær verði sem mest sjálfbjarga og geti notið almennra lífsgæða. Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar er skólanum innan handar um öll þau mál sem snerta sérfræðiþjónustu, s.s. sálfræðiþjónustu, félagslega ráðgjöf, talkennslu o.fl.

Skólanefnd

Skólanefnd Svalbarðsstrandarhrepps fer með málefni Álfaborgar og Valsárskóla. Í nefndinni sitja þrjú aðalfulltrúar skipaðir af sveitarstjórn. Þeim til viðbótar situr einn áheyrnarfulltrúi kennara frá hvoru skólastigi, þ.e. leik- og grunnskólans og einn til vara hvoru megin. Áheyrnarfulltrúarnir eru kosnir til eins árs í senn. Áheyrnarfulltrúar foreldra eru einnig tveir þ.e. fulltrúi foreldra leikskólans og fulltrúi foreldra grunnskólans og annar til vara. Áheyrnarfulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt. Fulltrúi kennara Álfaborgar er Hanna Sigurjónsdóttir og varamaður henna er Þórdís Eva Þórólfsdóttir. Áheyrnarfulltrúi foreldra í Álfaborg er Hafrún Helga Arnardóttir, varamaður hennar hefur ekki verið útnefndur þegar þetta er ritað.

Í skólanefnd sitja:

Inga Árnadóttir formaður

Árný Þóra Ágústsdóttir

Sigurður Halldórsson

Auk þeirra starfa skólastjórnarnir Margrét Jensína Þorvaldsdóttir og María Aðalsteinsdóttir með nefndinni, skipuleggja fundi og boða til þeirra.

Skólaráð

Sveitarstjórn getur ákveðið að skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla starfi sameiginlega í einu ráði í samreklam leik- og grunnskóla. Miða skal við að fulltrúar nemenda komi úr efstu bekkjum grunnskólans og að fulltrúar foreldra og kennara komi frá báðum skólastigum. Skólanefnd og sveitarstjórn hafa samþykkt sameiginlegt skólaráð Álfaborgar og Valsárskóla.

Fulltrúar í skólaráði 2021-2022

Margrét Jensína Þorvaldsdóttir skólastjóri Álfaborgar og til vara Hanna Sigurjónsdóttir
María Aðalsteinsdóttir skólastjóri Valsárskóla og til vara Svala Einarsdóttir
Steingerður Kristjánsdóttir fulltrúi foreldra í Valsárskóla, varamaður er Þóra Sigríður Torfadóttir
Ásrún Aðalsteinsdóttir fulltrúi kennara í Valsárskóla og varamaður hennar er Harpa Helgadóttir
Arnrún Brynjólfsdóttir fulltrúi nemenda Valsárskóla
Tryggvi Unnsteinsson fulltrúi nemenda Valsárskóla
Þórdís Eva Þórólfsdóttir fulltrúi kennara í Álfaborg og Hanna Sigurjónsdóttir varamaður hennar
Auður Hafþórsdóttir fulltrúi starfsm. Álfaborgar, varamaður er Gísli Arnarson úr Valsárskóla
Vilhjálmur Rósantsson fulltrúi foreldra í Álfaborg og varamaður hans, Halldóra S. Halldórsdóttir

Fundir á skólaárinu 2021-2022

Fundir eru kl. 14:15
22. september 2021
16. febrúar 2022
20. apríl 2022

Mat á skólastarfi

Mat á skólastarfi er fastur þáttur í starfinu og er markmið þess að auka gæði skólastarfsins með velferð nemenda að leiðarljósi. Matið skiptist í innra- og ytra mat.

Ytra mat

Reglulega er framkvæmt ytra mat á öllum leikskólum á Íslandi á vegum Menntamálastofnunar og sama gildir um grunnskóla. Ytra mat fór t.d. fram í Valsárskóla á vorönn 2021.

Áætlun um innra mat

Stefnt er að því að matsáætlun Álfaborgar liggi fyrir í vor og verður kynnt þegar þar að komur, ásamt skólanámskránni okkar. Á þessu skólaári verður könnunin Skólapúlsinn lögð í annað sinn fyrir foreldra og starfsfólk. Þannig fást gögn sem veita upplýsingar um marga þætti innra matsins s.s. skólabrag, stjórnun og skipulag, mannauð og nám og kennslu og gefa okkur líka tækifæri á að sjá hvort við bætum okkur í þeim þáttum sem ekki komu vel út á síðasta skólaári.

Umbótaáætlun Álfaborgar skólaárið 2021-2022

Umhyggja, virðing, metnaður og gleði



Umbótaáætlun Álfaborgar skólaárið 2021-2022



Svalbarðsstrandarhreppi, október 2021

Ábyrgðarmaður: Margrét Jensína Þorvaldsdóttir skólastjóri Álfaborgar

| Tækifæri til umbóta | Leiðir að umbótum | Ábyrgðarmaður/ hverjir framkvæma | Tímasetning aðgerða | Matsaðferðir | Tímasetn., hver metur |
|---|--|--|--|--|---|
| Krummastarfið með 1.-2. bekk í Valsárskóla | Efla samstarfið, fá fast einn dag í viku fyrir Krummanna með 1.-2. bekk | Deildarstjóri Lunds / Viðkomandi kennarar, Auður og Guðfinna | Haustmisseri 2021 | Foreldrasamtöl - Auður Rýnihópur með Krummum. -Hanna | Okt/nóv '21 Auður / Hanna |
| Útikennsla, Krummar og Spóar með 1.-2. bekk í Valsárskóla | Fara alltaf 1x í viku, burtséð frá því hvort 1.-2. bekkur Valsárskóla er líka. Fjölbreyttar kennsluáðferðir | Deildarstjóri Lunds / Viðkomandi kennarar, Hanna og Sigga | Skólaárið 2021-2022 | Rýnihópur með Krummum, Hanna / Sigga x2 Rýnihópur með Spóum, Hanna / Sigga x2 | Nóv. 2021 Hanna / Sigga Apríl 2022 Hanna / Sigga |
| Frjáls listsköpun barnanna | Gera úttekt á hvort/hvernig hægt er að efla frjálsa listsköpun, hvort hægt er að vera með listasmiðju t.d. á uppbrotsdögum 1x í viku. (Hugsunin er sú að 5-6 börn geti valið slíka smiðju í hvert skipti eftir áhugasviði) | Skólastjóri, MJB í samráði við deildir | Úttekt á Vortönn 2021, framkvæmd á haustönn 2022 | Stjórnendafundur, umræður / samráð Deildarfundir, Umræður / samráð Skólastjóri MJB | Jan. 2022 Stjórnendaf. Jan. 2022 Deildarfundir Maí 2022 MJB, Hanna D. |
| Uppbyggingarstefnan: -Uppeldi til ábyrgðar/-Uppbygging sjálfsgaga til ábyrgðar | Vinna markvisst að innleiðingu sbr. námskeið í ágúst 2021. Forgangsráða og útfæra leiðir | Skólastjóri, MJB / MJB og deildarstjórar, Hanna og Hjördís. Kalla fleiri að vinnunni | Vinna að á haustönn 21 Framk. 2022 | Rýnihópur slembival úr starfsmannahópi Deildarstjórar, skólastjóri á deildarfundum | Jan. 2021 MJB+rýnihópur Maí 2022 MJB+deildarstj. |
| Vinaverkefnið Blær (frí for mobberi) Frá Bsnaheill | Festa Blær í sessi á Rjóðri Koma skipulagi á Blær á Kvisti Hreiður bíðu með þetta verkefni í bili – mögulega á vori '22 ef hægt | Deildarstjórar / Allir starfsmenn | Skólaárið 2021-2022 | Rýnihópur slembival úr starfsmannahópi Deildarstjórar, skólastjóri á deildarfundum | Des. 2021 MJB Maí 2022 |
| Tónlist | Fjölga tímum pr. hóp – finna tímum fastan samastað í dagskipulaginu | Skólastjóri, MJB Allir starfsm. í samráði við tónlistarstj., Sveta | Skólaárið 2021-2022 | Rýnihópur slembival úr starfsmannahópi + Sveta Deildarstjórar, skólastjóri á deildarfundum + Sveta | Nóv. 2021 MJB Maí 2022 |
| Endurmenntun starfsmanna | Halda áfram að senda fólk á Blæ-námskeið, TRAS og Hljóm ef það verður í boði rafrænt. Allir starfsmenn geta óskað eftir amk. x1 á ári | Skólastjóri, MJB / Allir geta óskað eftir, t.d. við MJB í viðeigandi snerpusamtali | Skólaárið 2021-2022 | Starfsmannapúlsinn Starfsmannasamtöl, eitt snerpusamtal á mann. | Mars 2022 Maí 2022 Skólastj. MJB tekur saman |
| “Snerpu”samtdöl með starfsmönnum | 15 mín. snerpusamtöl við alla x4 á ári. 1) Starfsánægja og samskipti. 2) Styrkleikar/vöxtur og endurmennt. 3) Ábyrgð og árangur. 4) Nýsköpun. | Skólastjóri MJB | Skólaárið 2021-2022 | Starfsmannapúlsinn Rýnihópur slembival úr starfsmannahópi | Mars 2022 Skólastj. MJB Maí 2022 Staðgengill skólastj. Hanna |
| Starfsmannahittingur o.fl. skemmtilegt | Hvað gera skólarnir saman/sundur Skipuleggja starfsmanna-uppákomur í vetur. Kjósa skemmtinefnd f. Álfaborg | Skólastjóri, MJB Skólastjörn, M&M Skemmtinefnd Álfaborg | Skólaárið 2021-2022 | Starfsmannafundur, umræður | Maí 2022 Skólastj. MJB tekur saman |
| Sérkennsla Hljómhópar | Hljómhópar fyrir Krumma x2 á viku Hljómhópar fyrir Spóa x1 á viku | Sérkennslustjóri, Dís Dís og Kmaila þegar við á | Skólaárið 2021-2022 | Niðurstöður Hljómprófa barnar saman; haust /vor Einfaldara próf á Pólsku. Dís og Kamila | Maí 2022 Sérk.stj., Dís Jan 2022 Dís og Kamila |